

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/931**

2023/EES/26/26

frá 1. mars 2021

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina aðferðina til að bera kennsl á afleiðuviðskipti með einn eða fleiri mikilvæga áhrifaþætti áhættu með tilliti til 5. mgr. 277. gr., formúluna til að reikna út eftirlitsdeltastuðul kaup- og söluréttar sem tengdur er við vaxtaáhættuflokk og aðferðina til að ákvarða hvort viðskipti séu gnótt- eða skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættu eða í mikilvægasta áhrifaþættinum í tilteknum áhættuflokki að því er varðar a- og b-lið 3. mgr. í 279. gr. a. í staðalaðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 277. gr. og þriðju undirgrein 3. mgr. 279. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Stofnanir ættu að bera kennsl á áhrifaþætti áhættu afleiðdra viðskipta með því að ákvarða þá áhættuþætti sem sjóðstreymi þeirra viðskipta er háð. Til að tryggja að stofnanir fylgi samhæfðri nálgun fyrir þessa auðkenningu ættu þær a.m.k. að taka tillit til áhættuþáttanna sem um getur í 1. kafla a í 3. þætti IV. bóls í þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 2) Aðferðin við að bera kennsl á afleiðuviðskipti með aðeins einn mikilvægan áhrifaþátt áhættu, í þeim tilgangi að tengja þessi afleiðuviðskipti við viðeigandi áhættuflokk, ætti að vera einföld í öllum tilvikum þar sem helsti og eini mikilvægi áhrifaþáttur áhættu afleiðuviðskiptanna er strax greinanlegur af eðli og sjóðstreymi þeirra viðskipta.
- 3) Stofnanir nota vaxtaskiptasamninga milli gjaldmiðla til að áhættuverja gjaldmiðlaáhættuna sem myndast við fjármögnun eða fjárfestingu í erlendum gjaldeyri. Enda þótt slík viðskipti fari fyrst og fremst eftir áhrifaþáttum gjaldmiðlaáhættu geta þeir einnig farið eftir öðrum áhrifaþáttum áhættu, eins og áhrifaþáttum vaxtaáhættu. Engu að síður, þar sem reynsla af markaði sýnir að áhrif af þessum öðrum áhrifaþáttum áhættu eru oft óveruleg fyrir þessar tilteknu gerðir viðskipta, ef viðskipti falla undir þessa gerð ætti það að nægja til að skilgreina slík viðskipti sem afleiðuviðskipti með aðeins einn mikilvægan áhrifaþátt áhættu.
- 4) Vextir sem eru notaðir til að núvirða sjóðstreymi viðskiptanna („afvöxtunarstuðull“) ættu ekki að teljast vera mikilvægur áhrifaþáttur áhættu, án tillits til eðlis og sjóðstreymis afleiðuviðskiptanna. Óhóflegt og íþyngjandi væri að krefjast þess að stofnanir taki tillit til afvöxtunarstuðuls í aðferðinni til að bera kennsl á afleiðuviðskipti með aðeins einn mikilvægan áhrifaþátt áhættu þar sem reynslugögn sýna að sá áhrifaþáttur áhættu hefur yfirleitt takmarkaðri áhrif á virði afleiðuviðskipta en aðrir áhrifaþættir áhættu sem sjóðstreymi þeirra stafar af.
- 5) Þegar um er að ræða afleiðuviðskipti sem eru með fleiri en einn áhrifaþátt áhættu ættu stofnanir að taka tillit til næmi og flökts á undirliggjandi gerningum til að greina þá áhrifaþætti áhættu sem eru mikilvægir í hverjum áhættuflokki og mikilvægustu áhrifaþætti áhættu í sérhverjum áhættuflokki.
- 6) Þegar um er að ræða afleiðuviðskipti sem eru með fleiri en einn áhrifaþátt áhættu og þar sem þessir áhrifaþættir áhættu vísa til mismunandi áhættuflokka getur verið ómögulegt að ákvarða hverjir þessara áhrifaþátta áhættu eru mikilvægir, jafnvel að teknu tilliti til næmis og flökts undirliggjandi þátta viðskiptanna. Í slíkum tilfellum ættu stofnanir, sem einföld hófsöm varanálgun, að telja alla áhrifaþætti áhættu viðskiptanna mikilvæga og þar af leiðandi ræða afleiðuviðskiptum í þá áhættuflokka sem samsvara þessum áhrifaþáttum áhættu á grundvelli mikilvægustu áhrifaþátta áhættu í hverjum áhættuflokki.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 204, 10.6.2021, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 22.9.2022, bls. 94.

(1) Stjttð. ESB L 176, 27.6. 2013, bls. 1.

- 7) Aðferðinni við að bera kennsl á afleiðuviðskipti með aðeins einn mikilvægan áhrifaþátt áhættu ætti aðeins að beita í upphafi, ef slík afleiðuviðskipti hafa verið greind í upphafi sem aðeins með einn áhrifaþátt áhættu, vegna þess að þessi eini áhrifaþáttur áhættu er grunneiginleiki þessara viðskipta og því er ekki gert ráð fyrir því hann breytist. Ef afleiðuviðskipti hafa í upphafi verið greind með fleiri en einn áhrifaþátt áhættu ætti að fylgja ferlinu til að bera kennsl á mikilvæga og mikilvægustu áhrifaþætti áhættu á ársfjórðungsgrundvelli svo að hægt sé að endurspegla á viðeigandi hátt hvers kyns breytingar á þessum viðskiptum þegar þessi afleiðuviðskipti eru tengd við viðeigandi áhættuflokka.
- 8) Ákvæði a-liðar 3. mgr. 279. gr. a reglugerð (ESB) nr. 575/2013 kveða á um að formúlan sem á að nota til að reikna út eftirlitsdeltastuðul kaup- og söluréttar, þegar hann er tengdur við þann vaxtaáhættuflokk sem samrýmist markaðsaðstæðum þar sem vextir kunna að vera neikvæðir, skuli tilgreind í samræmi við þróun alþjóðareglna. Þann 22. mars 2018 birti Baselnefndin um bankaefirlit <sup>(2)</sup> „Algengar spurningar um staðalaðferð Basel III til að mæla útlánaáhættu mótaðila“ þar sem útskýrt er að ef um er að ræða neikvætt vaxtaumhverfi ætti að ákvarða eftirlitsdeltastuðul fyrir valrétti að vöxtum í samræmi við sérstaka formúlu þar sem lambda-vikstuðli ( $\lambda$ ) er beitt á stundarvexti eða framvirka vexti og á lausnarverð valréttarins sem er notað í þeirri formúlu til að tryggja að þeir stundarvextir eða framvirku vextir og það lausnarverð valréttarins séu jákvæð.
- 9) Til að gera stundarvextina eða framvirku vextina og lausnarverð valréttarins jákvæð ætti  $\lambda$ -vikstuðullinn að vera nógu stór til að gera stofnunum kleift að reikna út eftirlitsdeltastuðul viðskipta í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 279. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 en um leið nógu lítill til að valda ekki óþarfa skekkjum í niðurstöðu útreiknings á eftirlitsdeltastuðli.
- 10) Ákvarða ætti eftirlitstengt flökt, sem er ein af færíbreytunum fyrir útreikning á eftirlitsdeltastuðlinum, í ljósi sérstöku formúlunnar fyrir útreikning á eftirlitsdeltastuðli fyrir kaup- og sölurétt í vaxtaáhættuflokki. Í því samhengi telst virði eftirlitstengds flökts fyrir sölu- og kauprétti í vaxtaáhættuflokki, eins og það er ákvarðað í alþjóðlegum stöðlum sem Baselnefndin um bankaefirlit hefur samþykkt, hentugt til notkunar samkvæmt lögum Sambandsins.
- 11) Til að gera stofnunum kleift að ákvarða hvort viðskipti séu gnótt- eða skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættu, í mikilvægum áhrifaþætti áhættu eða í mikilvægasta áhrifaþætti áhættu í tilteknum áhættuflokki, ætti að mæla fyrir um hvaða upplýsingar um viðskipti stofnanir ættu að nota til að taka slíka ákvörðun. Til að forðast að leggja óþarfa byrðar á stofnanir ætti að heimila þeim að nota sömu upplýsingar og þær notuðu til að bera kennsl á mikilvæga áhrifaþætti áhættu.
- 12) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 13) Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(3)</sup>,

<sup>(2)</sup> Algengar spurningar um staðalaðferð Basel III til að mæla útlánaáhættu mótaðila, 22. mars 2018.

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaefirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### 1. KAFLI

**Aðferð til að bera kennsl á viðskipti með aðeins einn mikilvægan áhrifaþátt áhættu, viðskipti með fleiri en einn mikilvægan áhrifaþátt áhættu og til að greina hver af þessum áhrifaþáttum áhættu er mikilvægastur**

##### 1. gr.

#### **Aðferð til að bera kennsl á áhrifaþætti áhættu afleiðuviðskipta**

1. Að því er varðar greiningu á viðskiptum með aðeins einn áhrifaþátt áhættu og viðskiptum með fleiri en einn mikilvægan áhrifaþátt áhættu skulu stofnanir, við upphaf sérhverra viðskipta, bera kennsl á alla áhrifaþætti áhættu viðskiptanna með því að ákvarða þá áhættuþætti sem sjóðstreymi þeirra viðskipta er háð, með hliðsjón af a.m.k. þeim áhættuþáttum sem um getur í 325. gr. l til 325. gr. q í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Þeir áhættuþættir sem stofnanirnar hafa borið kennsl á skulu verða áhrifaþættir áhættu viðskiptanna.

2. Stofnanir ættu ekki að líta á þá vaxtaáhættuþætti sem eru notaðir til að afvaxta sjóðstreymi viðskiptanna sem áhrifaþætti áhættu viðskipta.

##### 2. gr.

#### **Aðferð til að bera kennsl á viðskipti með aðeins einn mikilvægan áhrifaþátt áhættu**

1. Þegar borin hafa verið kennsl á alla áhrifaþætti áhættu viðskipta í samræmi við 1. gr. skulu stofnanir, í upphafi sérhverra viðskipta, bera kennsl á viðskipti með aðeins einn mikilvægan áhrifaþátt áhættu með því að beita eftirfarandi:

- a) ef sjóðstreymi viðskiptanna er eingöngu háð einum áhrifaþætti áhættu sem tilheyrir einum af þeim áhættuflokkum sem um getur í 1. mgr. 277. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu stofnanir tilgreina þann áhrifaþátt áhættu sem eina mikilvæga áhrifaþátt áhættu þeirra viðskipta,
- b) ef sjóðstreymi viðskiptanna er háð fleiri en einum áhrifaþætti áhættu og ef stofnanir hafa aðeins tilgreint einn áhrifaþátt áhættu þeirra viðskipta sem mikilvægan, annaðhvort í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. eða aðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 4. gr., skulu stofnanir tilgreina þann áhrifaþátt áhættu sem eina áhrifaþátt áhættu þeirra viðskipta.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta stofnanir tilgreint áhrifaþátt gjaldmiðlaáhættu sem eina mikilvæga áhrifaþátt áhættu viðskiptanna, þegar um er að ræða vaxtaskiptasamninga milli gjaldmiðla eins og um getur í a-lið 2. liðar II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

##### 3. gr.

#### **Aðferð til að bera kennsl á viðskipti með fleiri en einn mikilvægan áhrifaþátt áhættu**

Að því er varðar 3. mgr. 277. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu stofnanir tilgreina öll önnur viðskipti en þau sem um getur í 2. gr. sem viðskipti með fleiri en einn mikilvægan áhrifaþátt áhættu.

##### 4. gr.

#### **Aðferð til að greina mikilvæga áhrifaþætti áhættu og þá mikilvægustu af þeim áhrifaþáttum áhættu**

1. Þegar borin hafa verið kennsl á alla áhrifaþætti áhættu viðskipta í samræmi við 1. gr. og ef sjóðstreymi viðskiptanna eru háð fleiri en einum áhrifaþætti áhættu skulu stofnanir greina mikilvæga áhrifaþætti áhættu og þá mikilvægustu af þessum áhrifaþáttum áhættu með því að nota eina af aðferðunum sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr., eins og við á.

2. Stofnanir skulu nota eftirfarandi skref við upphaf viðskiptanna:
- þær skulu líta á alla áhrifaþætti áhættu viðskiptanna sem borin hafa verið kennsl á í samræmi við aðferðina sem um getur í 1. gr. sem mikilvæga áhrifaþætti áhættu,
  - fyrir sérhvern áhættuflokk sem samsvarar þeim mikilvægu áhrifaþáttum áhættu skulu þær greina sem mikilvægasta áhrifaþátt áhættu þann áhrifaþátt sem samsvarar hæstu viðbót áhættuflokks af þeim sem um getur í 280. gr. a til 280. gr. f í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

3. Stofnanir skulu nota eftirfarandi skref við upphaf viðskiptanna og síðan a.m.k. á ársfjórðungsgrundvelli:

- þær skulu reikna út næmi deltastuðulsáhættu í samræmi við 325. gr. r reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fyrir sérhvern áhrifaþátt áhættu sem borin eru kennsl á í samræmi við 1. gr. þessarar reglugerðar,
- þær skulu reikna út vegið næmi í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 325. gr. f þeirrar reglugerðar á grundvelli þess næmis sem er reiknað út í samræmi við a-lið,
- fyrir sérhvern þeirra áhættuflokka sem um getur í 1. mgr. 277. gr. þeirrar reglugerðar skulu þær reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokki að því er varðar markaðsáhættu í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í 8. mgr. 325. gr. f þeirrar reglugerðar á grundvelli alls vegins næmis, sem um getur í b-lið, áhrifaþátta áhættu sem hefur verið úthlutað á þann áhættuflokk,
- þær skulu raða öllum kröfum vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokki að því er varðar markaðsáhættu sem um getur í c-lið, frá þeirri stærstu til minnstu að raungildi, til að ná einhalla lækkandi röð af færslum, þar sem færslan  $a_i$  er hæsta tölugildið,  $a_2$  er næsthæsta tölugildið, o.s.frv.,
- þær skulu, fyrir sérhverja færslu  $a_i$  sem er reiknuð og raðað í samræmi við d-lið og í þeirri röð sem niðurröðunin er, sannprófa hvort eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

$$\frac{\sum_{j=1}^i a_j}{\sum_{k=1}^6 a_k} < Y\%$$

þar sem:

$i$  = stuðullinn sem tilgreinir áhættuflokkana sem um getur í 1. mgr. 277. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, raðaða í samræmi við d-lið og í þeirri röð sem niðurröðunin er,

$Y\% = 60\%$ ,

- þær skulu telja sem mikilvæga:
  - þá áhrifaþætti áhættu sem samsvara þeim áhættuflokkum sem skilyrðið í e-lið þessarar málsgreinar er uppfyllt fyrir,
  - þá áhrifaþætti áhættu sem samsvara fyrsta áhættuflokknum sem það skilyrði er ekki uppfyllt fyrir,
- þær skulu, fyrir sérhvern áhættuflokk sem samsvarar áhrifaþáttum áhættu sem eru ekki mikilvægir í samræmi við f-lið, sannprófa hvort eftirfarandi skilyrði sé uppfyllt af samsvarandi færslu  $a_i$ :

$$\frac{a_i}{\sum_{k=1}^6 a_k} \geq Z\%$$

þar sem:

$i$  = stuðullinn sem tilgreinir áhættuflokkana sem um getur í 1. mgr. 277. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, raðaða í samræmi við d-lið og í þeirri röð sem niðurröðunin er og sem samsvarar þeim áhrifaþáttum áhættu sem eru ekki mikilvægir í samræmi við f-lið,

$Z\% = 30\%$ ,

- til viðbótar við þá áhrifaþætti áhættu sem tilgreindir eru í samræmi við f-lið, skulu þær einnig líta á þá áhrifaþætti áhættu sem samsvara áhættuflokknum sem uppfylla skilyrðið sem sett er fram í g-lið sem mikilvæga áhrifaþætti áhættu,

- i) fyrir sérhvern áhættuflokk sem um getur í f- og h-lið skulu þær telja þann áhrifaþátt áhættu sem samsvarar hæsta tölugildi vegins næmis, sem um getur í b-lið, vera mikilvægasta áhrifaþátt áhættu fyrir þann áhættuflokk.
4. Stofnanir sem annaðhvort uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða eru undanþegnar upplýsingaskyldu í samræmi við 1. mgr. 325. gr. a í þeirri reglugerð, geta borið kennsl á mikilvægasta áhrifaþátt áhættu með því að fylgja eftirfarandi skrefum í upphafi viðskipta og síðan a.m.k. á ársfjórðungsgrundvelli:
- a) þær skulu reikna út viðbætur áhættuflokksins eins og um getur í 280. gr. a til 280. gr. f reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á, fyrir sérhvern áhrifaþátt áhættu sem borin eru kennsl á í samræmi við 1. gr. Ef fleiri en einum áhrifaþætti áhættu, sem borin voru kennsl á í samræmi við 1. gr., hefur verið úthlutað á sama áhættuflokk skulu stofnanir, að því er varðar beitingu á b-lið, halda áhrifaþætti áhættu í þeim áhættuflokki sem samsvarar hæstu viðbót áhættuflokks í þeim áhættuflokki,
- b) þær skulu beita skrefunum sem mælt er fyrir um í d- til h-lið 3. mgr. ef færslurnar sem notaðar eru í þeim skrefum skulu byggjast á þeim viðbótum áhættuflokks sem reiknaðar eru í samræmi við a-lið þessarar málsgreinar,
- c) þær skulu tilgreina þá mikilvægu áhrifaþætti áhættu sem borin voru kennsl á með aðferðinni sem um getur í b-lið sem mikilvægustu áhrifaþættir áhættu í viðkomandi áhættuflokkum.

## 2. KAFLI

**Formúla sem á að nota til að reikna eftirlitsdeltastuðul kaup- og söluréttar sem tengdir eru við vaxtaáhættuflokk og eftirlitstengt flökt sem hentar þeirri formúlu og aðferð til að ákvarða hvort viðskipti séu gnótt- eða skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættu eða í mikilvægasta áhrifaþætti áhættu í tilteknum áhættuflokki**

### 5. gr.

**Formúla til að reikna eftirlitsdeltastuðul kaup- og söluréttar sem tengdur er við vaxtaáhættuflokk og eftirlitstengt flökt sem hentar slíkri formúlu**

1. Stofnanir skulu reikna eftirlitsdeltastuðul ( $\delta$ ) kaup- og söluréttar, þegar hann er tengdur við vaxtaáhættuflokkinn, sem samrýmist markaðsaðstæðum þar sem vextir kunna að vera neikvæðir, sem hér segir:

$$\delta = \text{sign} \cdot N \left( \text{type} \cdot \frac{\ln \left( \frac{(P + \lambda)}{(K + \lambda)} \right) + 0,5 \cdot \sigma^2 \cdot T}{\sigma \cdot \sqrt{T}} \right)$$

þar sem:

$$\text{type} = \begin{cases} -1 & \text{Þegar viðskiptin eru söluréttur} \\ +1 & \text{Þegar viðskiptin eru kaupréttur} \end{cases}$$

$$\text{sign} = \begin{cases} -1 & \text{Þegar viðskiptin eru seldur kaupréttur eða keyptur söluréttur} \\ +1 & \text{Þegar viðskiptin eru seldur söluréttur eða keyptur kaupréttur} \end{cases}$$

$N(x)$  = dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu sem endurspeglar að líkur séu á að normaldreifð slembibreyta með meðalgildi null og dreifnifervik 1 sé minni en eða jöfn og „ $x$ “,

$P$  = stundargengi eða framvirkt gengi undirliggjandi gernings valréttarins,

$K$  = lausnarverð valréttarins,

$T$  = lokadagsetning valréttarins, tilgreind í árum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu,

$\lambda$  = nægileg hliðrun til að færa bæði  $P$  og  $K$  á jákvætt svæði, sem ákvarðast í samræmi við 2. mgr.,

$\sigma$  = eftirlitstengt flökt valréttarins sem ákvarðast í samræmi við 3. mgr.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu stofnanir reikna út hliðrun ( $\lambda$ ) fyrir hvers kyns kaup- og sölurétt á eftirfarandi hátt:

$$\lambda_j = \max(\text{viðmiðunarmörk} - \min(P_j, K_j), 0)$$

þar sem:

$P_j$  = stundargengi eða framvirkt gengi undirliggjandi gernings valréttarins  $j$ ,

$K_j$  = lausnarverð valréttarins  $j$ ,

Viðmiðunarmörk = 0,10 %

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu stofnanir ákvarða eftirlitstengt flökt fyrir valréttinn á grundvelli áhættuflokks viðskiptanna og eðlis undirliggjandi gernings valréttarins í samræmi við eftirfarandi töflu:

Tafla

Áhættuflokkur	Undirliggjandi gerningur	Eftirlitstengt flökt
Vextir	Allir	50 %

6. gr.

**Aðferðir við að ákvarða hvort viðskipti séu gnótt- eða skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættu eða í mikilvægasta áhrifaþætti áhættu í tilteknum áhættuflokki**

Stofnanir skulu ákvarða hvort viðskipti séu gnótt- eða skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættu eða í mikilvægasta áhrifaþætti áhættu í tilteknum áhættuflokki með því að beita annarri hvorri eftirfarandi aðferð:

- þær skulu reikna út næmi deltaguðulsáhættu þessara áhrifaþátta áhættu í samræmi við 325. gr. r reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og greina viðskiptin sem gnóttstöðu í áhrifaþætti áhættu ef samsvarandi deltaguðulsáhætta er jákvæð en sem skortstöðu ef samsvarandi næmi deltaguðulsáhættu er neikvætt,
- þær skulu meta hæði uppbyggingar sjóðstreymis viðskiptanna á þann áhrifaþátt áhættu eða áhættuvarnartilgang viðskiptanna gagnvart þeim áhrifaþætti áhættu og greina viðskiptin sem annaðhvort gnóttstöðu eða skortstöðu á grundvelli þess mats.

7. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.